



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 180. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 28. nóvember 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sigurjón Andrésón, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlapings,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, settur framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu.

Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda,
Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála,
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 112 - 2210006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 94 - 2211001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

3. Rekstur 2022 - 2201023

Sviðsstjóri fjármála og framkvæmda fór yfir stöðu rekstrar. Lagðar voru fram upplýsingar um rekstur þjóðgarðsins frá janúar til og með október 2022 sem og útkomuspá. Undir þessum dagskrárlið eru tvö skjöl, rekstur janúar til og með október auk útkomuspár rekstrar allt árið byggt á rauntölum janúar til og með október og rekstraráætlun nóvember og desember.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda hjá Vatnajökulsþjóðgarði - 13:30

Miðað við núverandi forsendur er rekstur þjóðgarðsins á árinu í jafnvægi.

4. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071

Framkvæmdastjóri, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda auk sviðstjóra mannauðs og fræðslumála fóru yfir stöðuna við gerð rekstraráætlunar 2023. Fyrirliggjandi gögn eru kynning á stöðu verkefnisins. Sjá fylgiskjal undir þessum dagskrárlið sem og útkomuspá undir liðnum rekstur 2022. Ljóst að staðan og horfur mættu vera betri.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda hjá Vatnajökulspjóðgarði - 13:45

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála - 13:45

Við áframhaldandi vinnu við gerð rekstraráætlunar leggur stjórn áherslu á að standa vörð um kjarnastarfsemi þjóðgarðsins samhliða því að leitað verði leiða til að afla frekari sértekna. Gert er ráð fyrir að uppfærð drög að rekstraráætlun verði unnin á næstu dögum á grundvelli þeirra áherslna sem fram komu í umræðum.

5. Endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs - 2022 - 2203022

Framhald umræðu af 178. fundi stjórnar þjóðgarðsins um endurskoðun gjaldskrár.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda hjá Vatnajökulspjóðgarði - 14:00

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 14:00

Stjórn þakkar minnisblað með tillögu að endurskoðun á gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs. Varðandi einstakar tillögur í minnisblaðinu þá er leggur stjórn áherslu á eftirfarandi:

Framsetning gjaldskrár:

Stjórn tekur undir mikilvægi þess verðskrá þjóðgarðsins fyrir þjónustu sé sett fram með skýrum og aðgengilegum hætti. Samþykkt samhljóða.

Gestagjöld

Í lögum um Vatnajökulspjóðgarð kemur fram að heimilt er að ákveða í reglugerð að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu. Í nýlegri skýrslu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um þjóðgarða og önnur friðlýst svæði kemur fram að 66% svarenda í skoðunarkönnun meðal Íslendinga voru fylgjandi gjaldtöku fyrir þjónustu á helstu ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgördum.

Í minnisblaðinu er fjallað um tvær tegundir gestagjalda, stæðisgjöld og svæðisgjöld.

Innleiðing stæðisgjalda:

Stjórn samþykkir þá tillögu að stæðisgjöld (með eða án aðgengi að rafmagni) verði tekin upp á tjaldstæðum í stað gjaldtöku sem byggir á talningu gesta, ásamt bókunargjaldi. Um er að ræða breytingu sem er í takt við breyttar ferðavenjur og nýjungar í bókunarkerfum. Samþykkt samhljóða.

Svæðisgjöld:

Stjórn tekur undir mikilvægi þess að þróa áfram innheimtu svæðisgjalda, eins og nú þegar eru í Skaftafelli, en leggur áherslu á að sýna varkárni varðandi fjölda staða þar sem svæðisgjöld séu innheimt. Innheimta má ekki vera með þeim hætti að það dragi úr ferðavilja almennings til að upplifa hinar fjölmörgu náttúruperlur innan þjóðgarðsins. Eðlilegt er að beina sjónum fyrst og fremst að stöðum þar sem fjöldi ferðamanna er það mikill að það kallar á viðamikla uppbyggingu innviða og þjónustu.

Stjórn leggur til að hafin verði innheimta á svæðisgjöldum við Jökulsárlón strax á árinu 2023. Jökulsárlón er fjölsóttasti heimsóknarstaður innan þjóðgarðsins og þörfin á að setja meiri kraft í uppbyggingu innviða og þjónustu er mjög knýjandi. Mikilvægt er að tilkynna um slíka innheimtu með góðum fyrirvara og að útfærsla gjaldtökunnar verði unnin í samráði við svæðisráð suðursvæðis og helstu hagaðila. Samþykkt með fimm atkvæðum (AHI, EHV, SG, VJ, SA) og tveir greiddu atkvæði á móti (ADS, SPH).

Hækkunir í gjaldskrá:

Eðlilegt er að gjaldskrá þjóðgarðsins taki mið af almennri verðlagsþróun. Stjórn samþykkir því tillögu um hækkun gestagjalda (stæðisgjöld og svæðisgjöld) í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs. Þá styður stjórn þá tillögu í minnisblaðinu að taxti vegna útseldrar vinnu í gjaldskrá þjóðgarðsins verði aðlöguð til samræmis við breytingar hjá Umhverfisstofnun. Samþykkt samhljóða.

Varðandi hækkun gjalda fyrir samninga um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum þá tekur stjórn undir það sjónarmið að gjald fyrir samninga standi undir þeirri vinnu sem fer í samningagerðina hjá starfsfólki þjóðgarðsins. Engu að síður er mikilvægt að innleiða samninga um atvinnutengda starfsemi í skrefum og því leggur stjórn til hófsamari hækkun en í minnisblaði, eða að upphæðin verði hækkuð úr 50.000 kr í 100.000 kr. Jafnframt leggur stjórn áherslu á að samhliða þessari hækkun þurfi að huga að útvíkkun samningagerðar til að ná utan um fleiri þætti atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins er nú er raunin.

Samþykkt með fimm atkvæðum (AHI, EHV, SG, VJ, SA) og tveir sátu hjá (ADS, SPH).

Aðaláheyrnarfulltrúi tilnefndur af ferðamálasamtökum í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs vék sæti undir þessum lið.

6. Útgáfa - Starfsreglur fyrir stjórn og svæðisráð - með skýringum - 2210043

Lögð fram til umræðu drög að starfsreglum stjórnar og svæðisráða ásamt skýringum.

Gestir

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 14:30

Frestað til næsta fundar.

7. Fundaáætlun - 2023 - 2208072

Fyrir fundinum lágu drög að fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Framlögð fundaráætlun samþykkt með þeim breytingartillögum sem samþykktar voru á fundinum.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun 4.útgáfa - Undirbúningur - 2106018

Lagt fram minnisblað um mögulega nálgun og næstu skref við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

Til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 15:00

Frestað til næsta fundar.

9. Þriggja ára áætlun - 2023-2025 - 2208067

Lagt fram til kynningar.

Þriggja ára áætlun lögð fram til kynningar. Áætlunin hefur verið send til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

10. Vöktun - Veiðar á austursvæði - Framvinda 2022 - 2210012

Frestað til næsta fundar.

11. Viljayfirlýsing um samstarf Vatnajökulspjóðgarðs og Náttúruminjasafns Íslands - 2211030

Kynnt drög að viljayfirlýsingu um samstarf þjóðgarðsins og Náttúruminjasafns Íslands á sviði fræðslu og miðlunar.

Stjórn fagnar gerð viljayfirlýsingarinnar og telur að miklir möguleikar felist í samstarfi stofnananna.

12. Skýrsla setts framkvæmdastjóra - 2206035

Settur framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:10.